18. Presturinn og læknabrennivínið.

1 blað qto.

Hann hafði löngum verið meðal lækna þeirra er drjúghentastur var á að láta mönnum, sjúkum og heilbrigðum lyfseðla sína með venjulegu verði og kostakjörum er læknar sem svo kunnir fyrir að láta í té meðan „læknabrennivínið" var í algleymingi og „rann út eins og vatnið", því margir voru menn-irnir og ~~kvenn~~ kverkarnar þurrar.

Meðan „læknabrennivínið" rann út eins og vatnið, mennirnir margir og kverkarnar þurrar, var sérstaklega getið um drjúghentan lækni einn, er lét sjúkum mönnum og heilbrigðum í té lyfseðla sína með þeim kostakjörum og við því verði, er þá tíðkaðist og eigi ólíkt því sem nú gerist.

Prestur nokkur, er þá var alþingismaður hafði gengist fyrir því, að gjörð var rann-sókn í þessu framferði nokkuð margra lækna o. fl. á m. hins ötula framleiðanda lyfseðlanna, en nú var presturinn dáinn fyrir nokkru, þegar læknirinn missti konu sína. Daginn eftir að kona læknisins dó, var hann á gangi „niður í bæ" og hitti þar gamlan kunningja sinn sem vottaði honum hjartanlega hluttekningu vegna konumissisins. Læknirinn tók þessu vel, eins og vera mátti og gengu þeir síðan hljóðir mjög all langan spöl, án þess að yrða hvor á annan unz læknirinn segir við þennan kunningja sinn:

„Hvað ætli hann sé að gera núna?"

Vinur hans hélt, að hann væri að spyrja um veðurútlitið, því þannig spyrja menn oft hver annan um þá hluti. Hann svarar honum því:

„Það er ekki gott að segja."

Læknirinn segir þá, kankvíslega mjög:

Ætli hann sé ekki enn að telja reseptin okkar, læknanna?

Sá vinur hans þá, að hann átti við hinn dána prest og að hann var þá í einhverjum hugleiðingum um himnaríki í sambandi við missi konu sinnar: Hún væri o. s. v. komin þar að einhverju starfi, er honum þótti